

Brennu – Hellissandur.

Það stóð búð, búð, gamla Bensabúð
út við sjó, út við sjó.

Það stóð búð, búð, gamla Bensabúð
á bakkanum út við sjó.

En nú er búðin fyrir bí,
svo bakkin er óbyggður er á ný.

Ætli þar hafi kviknað í?

Það stóð kaup, kaup, gamalt Kaupfélag
út við sand, út við sand.

Það stóð kaup, kaup, gamalt Kaupfélag
á snoppu út við sand.

Það Kaupfélag er nú komið á haus
og Kaupfélagshúsið í loft upp gaus
er á einni nóttu varð eldur laus.

Það var hús, hús, fjölbyggt frystihús
út í á, út í á.

Það var hús, hús, fjölbyggt frystihús,
út og suður inn við á.

Það er saman hvernig vatnið rann
úr ánni og einnig um brunahanann.

Húsið það bara brann og brann.

Það var búð, búð, Breiðfirðingabúð
oní Vör, oní Vör.

Það var búð, búð, Breiðfirðingabúð,
það var verbúð oní Vör.

Þar einn og einn hefur í ýmsu lent
sem ekki er alltsaman “ganske pent”

En allt er þar nú til ösku brennt.

Það var þorp, þorp, ósköp lítið þorp,
út við sand, út við sand.

Það ver þorp, þorp, ósköp lítið þorp,
út við Brennu-Hellissand.

Oft á tíðum víst urðu þar
ýmsar sögur og brandarar.

Nú blasa þar við brunarústirnar.